

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Melabraut 23 og 28.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. nóvember 2007 deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Melabraut 23 og 28, í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér þær breytingar að bygging á lóðinni við Melabraut 23 verður rifin og reist einnar hæðar iðnaðarhúsnæði. Mænisstefna hússins breytist og hámarks vegg hæð verður 10 m frá gólfkóta þess. Við Melabraut 28 hefur verið gerður byggingarreitur fyrir 136,5 m² stækkun á húsi. Farið var með deiliskipulagið skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag. Staðarhvamur 1.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. nóvember 2007 deiliskipulag Staðarhvamms 1 í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér þær breytingar að unnt sé að breyta verslunarhúsnæði í íbúð. Farið var með deiliskipulagið skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 17. desember 2007,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2008